

Skráningarlýsing

Verðtryggð skuldabréf Símans hf.

1. flokkur 2006



YFIRLÝSINGAR**YFIRLÝSING ÚTGEFANDA**

Stjórn Símans hf. kt. 500269-6779, Ármúla 25, 150 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu skuldabréfa Símans hf., 1. flokks 2006, séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. júní 2006
f.h. Símans hf.

Brynjólfur Bjarnason
kt. 180746-3909
Forstjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Kaupping banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar skuldabréfa Símans hf., 1. flokks 2006, var aflað þeirra gagna sem að mati Kaupþings banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Símanum hf. og verðbréfum hans og að mati Kaupþings banka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. júní 2006
f.h. Kaupþings banka hf.

Ingvar Vilhjálmsson
kt. 160173-3949
Framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta

Baldur Þór Vilhjálmsson
kt. 250476-2999
Markaðsviðskipti

YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA

Ég undirritaður, endurskoðandi hjá Deloitte hf. kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík hef endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga Símans hf. fyrir árið 2005. Ég staðfesti að reikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ég staðfesti að þær upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða reikningsskil Símans hf., eru í samræmi við ofangreind reikningsskil.

Reykjavík, 22. júní 2006
f.h. Deloitte hf.

Sigurður Heiðar Steindórsson
Kt. 220658-6279
Endurskoðandi

YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA

Við undirritaðir, endurskoðendur hjá Ríkisendurskoðun kt. 540269-1819, Skúlagötu 57, 105 Reykjavík höfum endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga Landssíma Íslands hf. fyrir árin 2003-2004. Við staðfestum að reikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við staðfestum að þær upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða reikningsskil Landssíma Íslands hf., eru í samræmi við ofangreind reikningsskil.

Reykjavík, 22. júní 2006
f.h. Ríkisendurskoðunar

Sigurður Þórðarson
Kt. 091241-2269
Ríkisendurskoðandi

Sveinn Arason
Kt. 200448-4649
Endurskoðandi

Skuldabréf Símans hf. 1 flokkur 2006

Útgefandi	Síminn hf., kt. 500269-6779, Ármúla 25, 150 Reykjavík, sími 550-6000.
Samþykki skuldabréfaútgáfu	Stjórn Símans hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu með samþykki sínu þann 20. desember 2005. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir allt að 15.000.000.000,- kr. að nafnverði þann 2. janúar 2006. Búið er að gefa út 14.000.000.000,- kr. Stjórnin hefur heimild til þess að stækka flokkinn að lokastærð 15.000.000.000,- kr.
Starfsemi	Síminn er fjarskiptafyrirtæki með áherslu á þjónustu á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni. Tilgangur Símans hf. skv. grein 3.1 í samþykktum félagsins er að ávaxta fé sem hluthafa hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignaresktur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.
Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging	Heildarnafnverð 1. flokks 2006 er 15.000.000.000,- kr. Útgáfudagur bréfanna var 2. janúar 2006. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 2. apríl 2014. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 14.000.000.000,- kr. Skuldabréfin voru sölutryggð af Kaupþingi banka hf. Flokkurinn er opinn með ákveðinni lokastærð.
Nafnvextir og veðtrygging	Skuldabréfin í 1. flokki 2006 eru með vaxtagreiðslu tvisvar á ári (2.apríl og 2. október) og einni greiðslu höfuðstóls. Bréfin eru til 8 ára og þriggja mánaða. Nafnvextir bréfanna eru 6,0%. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 2. apríl 2014. Bréfin eru útgefin í íslenskum krónum. Af skuld þessari greiðast 6,0% fastir flatir ársvextir. Vextir reiknast frá 2. janúar 2006 sem er útgáfudagur bréfsins. Vextir greiðast tvisvar á ári á 17 gjalddögum, í fyrsta sinn þann 2. apríl 2006 og í síðasta sinn þann 2. apríl 2014. Bréfin eru veðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitölu í desember 2005, 248,9.
Einingar skuldabréfanna	Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Bréfin eru gefin út í 5.000.000,- krónu einingum. Útgefin bréf eru 3000. Þegar seld bréf eru 2800. Lágmarksviðskiptaæining í Kauphöll Íslands hf. er 5.000.000,- kr.

Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Ávöxtunarkrafan á fyrsta söludegi var 6,0% og sölugengi 100,9650. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kaupþingi banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Viðskiptavakt	Engin viðskiptavakt er á skuldabréfaflokknum.
Hlunnindi	Engin hlunnindi fylgja bréfunum
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja bréfunum.
Uppsagnarákvæði	Engin uppsagnarákvæði fylgja bréfunum.
Skráning	Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2006 skuldabréfa Símans hf. á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf að upphæð kr. 14.000.000.000,-kr. að nafnverði skráð þann 30. júní 2006 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er SIMI 06 1 ISIN-númer bréfanna er IS0000011948.
Kostnaður, stimpilgjöld og heildar fjárhæð sem aflast með útboðinu	Kostnaður og stimpilgjöld eru áætluð um 189.000.000,-kr. Stimpilgjald er 0,5% af heildarnafnvirði útgáfunnar. Heildarfjárhæð sem aflast með útboðinu er 14.780.000.000,-kr. að frádregnum kostnaði.
Tilgangur sölunnar	Endurfjármögnun Símans hf. í kjölfar einkavæðingar félagsins og verður öll upphæðin notuð til uppgreiðslu annarra skulda.
Fyrirkomulag sölu og sölutímabil	Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði frá 2. janúar til 2. febrúar 2006. Bréfin voru afhend gegn staðgreiðslu.
Umsjón með skráningu og sölu	Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Greiðslustaður	Síminn hf. mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greiða skuldabréfin og vexti af þeim á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikning eigenda.
Tryggingar	Síminn hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.
Fyrningarákvæði	Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fynrast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fynrast á fjórum árum frá gjaldaga skv. 3. gr. sömu laga.

Viðtökudráttur og vanskil

Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Framsal og eignaréttur

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Gagnvart Símanum hf. skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa hjá Verðbréfaskráningu.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

Skattamál

Skattaleg meðferð á skuldabréfunum fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt lögum nr. 129/2004, um breytingu á lögum nr. 90/2003, teljast skuldabréfin ekki til eignaskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtatekjum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, skv. 3 gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn um Símann hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

ALMENNT UM SÍMANN HF.

Starfsemi Símans hf.

Í júlí árið 2005 lauk sölu ríkisins á 98,8% hlut í fyrirtækinu. Fyrirtækið Skipti ehf. Greiddi 66,7 ma.kr. fyrir hlut ríkisins í Símanum. Að félaginu Skiptum standa m.a. Exista ehf., Kaupþing banki, Lífeyrissjóðurinn Gildi, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Imis ehf. og MP fjárfestingarbanki. Í desember 2005 samþykkti hluthafafundur Símans sameiningu Landssíma Íslands hf., Skipta ehf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. undir merkjum Símans. Síminn hefur 66% markaðshlutdeild á farsímamarkaði og 77% hlutdeild á fastlínumarkaði. Tilgangur Símans hf. skv. grein 3.1 í samþykktum félagsins er að ávaxta fé sem hluthafa hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignaresktur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins. Síminn hf. starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Hlutfé félagsins í lok árs 2005 var 30.921.636,- kr. Aður að fjárhæð 6.333 m.kr var greiddur út á árinu 2005.

Dótturfélög Símans hf.

Anza hf., kt.: 650297-2029, Ármúla 31, 108 Reykjavík

Tæknivörur ehf., kt.: 421192-2009, Skútuvogi 12c, 104 Reykjavík

Skíma ehf., kt.: 450597-2369, Ármúla 25, 150 Reykjavík

Upplýsingaveitur ehf., kt.: 430805-0530, Stórhöfða 33, 110 Reykjavík

Fjárhagur

Rekstrarreikningur ársins 2005

	1. október - 31. desember		1. janúar - 31. desember	
	2005	2004	2005	2004
Sala	5.668.625	5.031.675	21.641.489	19.803.120
Kostnaðarverð	<u>-3.169.260</u>	<u>-2.448.286</u>	<u>-11.561.970</u>	<u>-9.938.555</u>
Framlegð	2.499.365	2.583.389	10.079.519	9.864.565
Aðrar rekstrartekjur	87.695	131.661	399.943	615.930
Rekstrarkostnaður	<u>-1.786.938</u>	<u>-2.292.258</u>	<u>-6.873.229</u>	<u>-7.041.797</u>
<i>Rekstrarhagnaður</i>	<i>800.122</i>	<i>422.792</i>	<i>3.606.233</i>	<i>3.438.698</i>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-338.978	386.261	692.214	510.648
Áhrif hlutdeildarféлага	-19.915	7.504	-30.736	-89.524
Hagnaður fyrir tekjuskatt	441.229	816.557	4.267.711	3.859.822
Tekjuskattur	320.380	-183.312	-235.622	-768.755
<i>Hagnaður ársins</i>	<u><u>761.609</u></u>	<u><u>633.245</u></u>	<u><u>4.032.089</u></u>	<u><u>3.091.067</u></u>
Hagnaður ársins skiptist þannig:				
Hluthafar móðurfélags	757.252	625.748	4.019.749	3.079.361
Minnihluti	<u>4.357</u>	<u>7.497</u>	<u>12.340</u>	<u>11.706</u>
	<u><u>761.609</u></u>	<u><u>633.245</u></u>	<u><u>4.032.089</u></u>	<u><u>3.091.067</u></u>
Hagnaðarhluti:				
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	0,02	0,09	0,21	0,44

*Sjá skýringar 3,7,8,9 í ársskýrslu, bls. 22-35

fjárhæðir eru í þúsundum króna

Tekjur félagsins koma að langmestu leyti af sölu og þar af mest af sölu á fjarskiptaþjónustu. Rekstrartekjur Símans og dótturfélaga á árinu 2005 voru 22.041 m.kr. samanborið við 20.419 m.kr árið 2004, sem er um 8% hækkun. Fjármunatekjur félagsins hafa aukist um u.þ.b. 182 milljónir frá árinu 2004 og þar vegur þyngst aukning á gengismuni og arði og söluhagnaði af eignarhlutum. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Á árinu seldi félagið allan eignarhlut samstæðunnar í Straumi fjárfestingabanka og nam hagnaður af sölnunni 702 m.kr.

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

(í þús.kr.)

Eignir

	2005	2004
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	18.770.834	17.890.975
Óefnislegar eignir	58.533.100	970.178
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	306.543	370.411
Eignarhlutir í öðrum félögum	406.501	1.529.953
Verðbréf	<u>0</u>	<u>21.749</u>
fastafjármunir	<u>78.016.978</u>	<u>20.783.266</u>
Veltufjármunir		
Birgðir	765.117	589.664
Viðskiptakröfur	3.887.794	3.905.326
Aðrar skammtímakröfur	120.645	1.087.787
Handbært fé	<u>464.870</u>	<u>2.825.588</u>
veltufjármunir	<u>5.238.426</u>	<u>8.408.365</u>
Eignir alls	<u>83.255.404</u>	<u>29.191.631</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hlutfé	30.921.636	7.036.445
Lögbundinn varasjóður	403.209	2.345.482
Þýðingarmunur	-14.280	-25.163
Óinnleystur gengismunur	0	512.561
Óráðstafað eigið fé	<u>1.470.712</u>	<u>7.599.386</u>
Eigið fé hluthafa móðurfélags	32.781.277	17.468.711
Hlutdeild minnihluta	<u>19.775</u>	<u>31.832</u>
Eigið fé samtals	<u>32.801.052</u>	<u>17.500.543</u>

Langtímaskuldir

Skuldabréfalán	44.082.463	4.361.044
Tekjuskattsskuldbinding	<u>519.417</u>	<u>394.430</u>
	<u>44.601.880</u>	<u>4.755.474</u>

Skammtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir	0	940.139
Viðskiptaskuldir	2.237.988	1.585.892
Næsta árs afborganir langtímaskulda	2.038.518	2.424.702
Aðrar skammtímaskuldir	<u>1.575.966</u>	<u>1.984.881</u>
	<u>5.852.472</u>	<u>6.935.614</u>

Eigið fé og skuldir samtals

<u>83.255.404</u>	<u>29.191.631</u>
-------------------	-------------------

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

(skýringar 19,20)

*Sjá skýringar 10,12,14,15,16,17,18,19,20 á bls. 22-35

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast í fjarskiptabúnað, fasteignir og lóðir, tæki, búnað og bifreiðar og eru þeir færðir á bókfærðu verði. Fasteignamat húseigna og lóða félagsins nemur 3.108 m.kr. í árslok og brunabótamat 4.317 m.kr. Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum að fjárhæð kr. 31.809 m.kr. í árslok 2005. Á árinu 2005 sameinuðust félögin Skipti ehf. og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Símanum hf. Við þá sameiningu urðu til í efnahag samstæðu óefnislegar eignir og verður fyrir lok júní 2006 lokið við að meta þær og er það í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS 3). Skuldabréfalán greinast í erlenda gjaldmiðla 31.809.265.- kr. (69%) og íslenskar krónur 14.311.716.- kr. (31%). Næsta árs afborganir 2.038.518.- kr. og langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi eru 44.082.463.- kr.

Upplýsingar um stjórn, framkvæmdarstjórn og endurskoðun

Stjórn Símans hf.:

Formaður: Lýður Guðmundsson	kt. 170767-5199		Bretlandi
Rannveig Rist	kt. 090561-2359	Háhæð 2	210 Garðabær
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson	kt. 031260-3889	Brimhólabraut 34	900 Vestmannaeyjar
Panikos Katsouris			Bretlandi
Erlendur Hjaltason	kt. 211157-7399	Auðarstræti 3	105 Reykjavík

Forstjóri:

Brynjólfur Bjarnason	kt. 180746-3909	Mávanesi 4	210 Garðabær
----------------------	-----------------	------------	--------------

Framkvæmdarstjórn:

Páll Ásgrímsson	kt. 180464-5309	Sævarlandi 8	108 Reykjavík
Þór Jes Þórisson	kt. 300761-2679	Langagerði 114	108 Reykjavík
Sævar Freyr Þráinsson	kt. 160671-3439	Jörundarholti 208	300 Akranes
Kristín Guðmundsdóttir	kt. 270853-7149	Aðallandi 14	108 Reykjavík
Jóhannes Rúnarsson	kt. 090662-7249	Reynigrund 41	200 Kópavogur
Katrín Olga Jóhannesdóttir	kt. 010862-7369	Kvistalandi 22	108 Reykjavík
Orrí Hauksson	kt. 280371-5809	Vatnsstíg 15	101 Reykjavík
Páll Á Jónsson	kt. 051050-8199	Nesbala 78	170 Seltjarnarnes
Sveinn Tryggvason	kt. 030273-5679	Maríubaugi 133	113 Reykjavík

Endurskoðendur:

Deloitte hf.	kt. 521098-2449	Stórhöfða 23	110 Reykjavík
Sigurður Heiðar Steindórsson	Kt. 220658-6279	Jóruseli 15	109 Reykjavík

Samþykktir fyrir Símann hf.

1. Nafn félagsins

- 1.1 Félagið er hlutafélag. [Nafn þess er Síminn hf.]¹
- 1.2 [Hjáheiti félagsins er Iceland Telecom.]²

2. Heimili félagsins

- 2.1 [Heimili félagsins er Ármúli 25, 108 Reykjavík.]³

3. Tilgangur félagsins

- 3.1 [Tilgangur félagsins er að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.]⁴
- 3.2 Heimilt er félaginu að standa að stofnun eða gerast eignaraðili að öðrum félögum, svo og að stofna félag eða félög sem alfarið verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti í starfsemi þess.

4. Hlutfé félagsins

- 4.1 [Hlutfé félagsins er kr. 30.929.802.426,- Þrjátíumilljarðarníuhundruðtuttuguognú milljónir-áttahundruðogtvöpusund-fjögurhundruðtuttuguogsexkrónur -.]⁵
- 4.2 Hlutir skiptast í það margfeldi einnar krónu sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.
- 4.3 Hluthafafundur getur einn ákveðið að auka hlutféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutfjárauka að tiltölu við hlutfjáreign sína í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutfjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutfjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.

¹ Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

² Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

³ Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2004

⁴ Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

⁵ Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

- 4.4 Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma, þ.m.t. að fella niður áskriftina.
- 4.5 Hlutir skulu allir skráðir á nafn. Hlutafé er allt jafn réthátt.
- 4.6 [Stjórn félagsins er veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.500.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Heimild þessa má m.a. nota til að kaupa eða skipta á hlutafé í erlendum eða eftir atvikum innlendum félögum. Hluthafar falla frá forgangsrétti að téðum hlutum. Heimildin gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar á hluthafafundi. Stjórn félagsins annast nánari útfærslu á hækkuninni.]⁶

5. Heimild til rafrænnar útgáfu hlutabréfa

- 5.1 Félagsstjórn er heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa eftir því sem við á. Hinir rafrænt skráðu hlutir, rafréfi, koma í stað áður útgefins hlutabréfs.

6. Hlutaskrá

- 6.1 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
- 6.2 Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.
- 6.3 Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

7. Eigendaskipti, veðsetning o.fl.

- 7.1 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.
- 7.2 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um eiganda- eða aðsetursskipti.
- 7.3 Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.
- 7.4 Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

8. Skyldur hluthafa. Sérrettindi.

- 8.1 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann að vera breytt síðar á löglegan hátt.

⁶ Sbr. breyting á hluthafafundi 20. desember 2005

8.2 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema hann taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggerningi. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.

8.3 Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

9. Eigin hlutir

9.1 Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

10. Innlausn. Lán út á hluti.

10.1 Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.

10.2 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti í félaginu.

11. Hluthafafundir

11.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda (aðalfunda og aukafunda).

11.2 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda.

11.3 Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.

11.4 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu

11.5 Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur ekki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

11.6 Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.

11.7 Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

11.8 Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um hluthafafundi.

12. Aðalfundur

12.1 Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Heimilt er að halda aðalfund annars staðar en á heimili félagsins.

12.2 Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti, eða á annan sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Boðun skal þó vera skrifleg til þeirra hluthafa sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Tilkynning skv. 2. mgr. 38. gr. hlutafélagalaga um áskriftarrétt hluthafa skal þó ætíð vera skrifleg.

- 12.3 Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 12.4 Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

13. Verkefni aðalfundar

- 13.1 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
 2. Endurskoðaður reikningur félagsins fyrir liðið starfsár er hafi m.a. að geyma tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
 3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
 4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
 5. Kosning stjórnar félagsins..
 6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
 8. Önnur mál.
- 13.2 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutfjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 í gr. 13.1 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

14. Aukafundir

- 14.1 Aukafundi (hluthafafundi) skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf á samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutfjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan berst stjórn.
- 14.2 Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal hluthafafundi með sama hætti og boðað er til aðalfundar, sbr. gr. 12.2. Um lögmæti hluthafafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti aðalfundar, sbr. gr. 12.2 - 12-4.

15. Dagskrá hluthafafundar. Dagskrártillögur.

- 15.1 Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.
- 15.2 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.
- 15.3 Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 15.4 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

16. Fundarstjórn

- 16.1 Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Á hluthafafundum gilda almenn fundarsköp. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins hvort löglega hafi verið til hans boðað svo og hvort fundur sé lögmætur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum. Fundarstjóri skal gæta ákvæða hlutafélagalaga og samþykka félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.
- 16.2 Þegar fundur hefur verið settur skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja til þess að ljóst sé hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

17. Fundargerð

- 17.1 Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.
- 17.2 Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.
- 17.3 Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

18. Atkvæðisréttur

- 18.1 Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.
- 18.2 Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafn mörg atkvæði með og á móti, er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða.
- 18.3 Samþykki allra hluthafa þarf til þess:
- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
 - b) að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum eða í gr. 10 samþykka þessara, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
 - c) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

19. Skipun félagsstjórnar

- 19.1 [Stjórn félagsins skal skipuð allt að sjö mönnum kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.]⁷
- 19.2 Kosning stjórnar skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hluta hlutafjár krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn

⁷ Sbr. breyting á aðalfundi 22. mars 2006

félagsins minnst 5 dögum fyrir hluthafafund. Nú koma kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

- 19.3 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

20. Stjórnarfundir

- 20.1 Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.
- 20.2 Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

21. Verkefni félagsstjórnar

- 21.1 Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 21.2 Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.
- 21.3 Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.
- 21.4 Undirskrift [meirihluta]⁸ stjórnarmanna skuldbindur félagið.
- 21.5 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.
- 21.6 Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

22. Framkvæmdastjóri

- 22.1 Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.
- 22.2 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 22.3 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

⁸ Sbr. breyting á aðalfundi 26. mars 2003

- 22.4 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en leita skal samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum ef þurfa þykir og fjallar um launamál þeirra.
- 22.5 Framkvæmdastjóri skal uppfylla allar þær hæfniskröfur sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

23. Reikningar og endurskoðun

- 23.1 Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi.
- 23.2 Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna, eða vera í persónulegri þjónustu þeirra. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

24. Starfs- og reikningsár

- 24.1 Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.
- 24.2 Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, svo sem uppsetningu, sundurliðun, skýringum og heiti liða.

25. Nánar um endurskoðun

- 25.1 Endurskoðandi skal gera endurskoðunarskýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og skýrslan liggja frammi a.m.k. í vikutíma fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

26. Breytingar á samþykktum félagsins. Ákvarðanir um verulegar breytingar í rekstri.

- 26.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmaetum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst $[2/3 \text{ hluta}]^9$ greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. $[2/3 \text{ hlutum}]^{10}$ þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, [sbr. þó gr.18.3.]¹¹
- 26.2 Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

27. Slit á félaginu. Samruni. Skipting.

- 27.1 Um slit á félaginu, samruna við önnur félög eða skiptingu þess skal fara samkvæmt ákvæðum hlutfélagalaga og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkt þarf að samþykkja á hluthafafundi með sama meirihluta og skv. gr. 26.1.

⁹ Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

¹⁰ Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

¹¹ Sbr. breyting á aðalfundi 23. febrúar 2005

28. Önnur ákvæði

- 28.1 Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.
- 28.2 Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins 20. desember 2005. Samhliða því falla úr gildi eldri samþykktir félagsins frá 27. desember 1996, með síðari breytingum.

**Reykjavík, 22. mars 2006.
Stjórn Símans hf.**



Ársreikningur

2005

Síminn hf.
Ármúla 25
150 Reykjavík
Kt. 500269-6779

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Yfirlit um breytingar á eigin fé	8
Skýringar	9-22

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans.

Ársreikningur Símans hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það í fyrsta skipti sem félagið birtir ársreikning sinn með þeim hætti. Helstu áhrif af upptöku staðlanna eru að bókfært eigið fé félagsins hækkar um 452 m.kr. en í reikningnum er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur á reikningsskil félagsins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar var 4.032 milljónir króna. Heildareignir samstæðunnar voru 83.255 milljónir króna í árslok og eigið fé 32.801 milljónir króna. Arður að fjárhæð 6.333 m.kr. sem aðalfundur félagsins, haldinn 23. febrúar 2005, samþykkti að greiða og greiddur var 20. apríl, hefur verið færður til lækkunar á eigin fé félagsins. Að öðru leyti visast til ársreiknings um rekstur félagsins á árinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Félagið hefur gert samning við Landsvirkjun um kaup á fjórðungshlut í hlutafé Fjarska ehf. ásamt því að kaupa hlut í ljósleiðarastreng af Fjarska. Vegna fyrirvara um samþykki samkeppnisyrivalda hafa engar fjárhæðir vegna þessa verið færðar í ársreikninginn. Í febrúar 2006 keypti félagið tæplega 27% eignarhlut í Kögun hf.

Íslenska ríkið seldi eignarhlut sinn í Símanum til Skipta ehf. á árinu. Skipti ehf., Íslenska sjónvarpsfélagið hf. og Landssími Íslands hf. voru sameinuð undir nafni Símans hf. og miðast samruninn við 30. júní 2005. Við samrunann var hlutafé hækkað úr 7.036 m.kr í 30.930 m.kr.

Hlutafé í árslok skiptist á 1.072 hluthafa en þeir voru 1.255 í ársbyrjun og fækkar því um 183 á árinu. Í árslok 2005 áttu 2 hluthafar yfir 10% af virkum eignarhlut í félaginu, en þeir eru; Exista B.V. 43,7% og Kaupþing banki hf. 29,4%. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2006 vegna ársins 2005.

Að áliti stjórnar og forstjóra koma fram í ársreikningnum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok árs, rekstrarafkomu á árinu og fjárhagslegri þróun á sama tíma. Stjórn og forstjóri Símans hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Stjórn:

Lýður Guðmundsson, formaður

Rannveig Rist

Panikos Katsouris

Gisli Hjálmtýsson

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Forstjóri:

Brynjólfur Bjarnason

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Símanum hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Símans hf. fyrir árið 2005. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit yfir eigið fé og skýringar. Samstæðureikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðureikningum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla en samkvæmt þeim skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að samstæðureikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í samstæðureikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð samstæðureikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðu Símans hf. gefi glögga mynd af efnahag samstæðunnar í árslok 2005 og afkomu og breytingu á fjárhagslegri skipan á árinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Deloitte hf.

Rekstrarreikningur ársins 2005

	Skýr.	1.október - 31.desember		1. janúar - 31. desember	
		2005	2004	2005	2004
Sala	3	5.668.625	5.031.675	21.641.489	19.803.120
Kostnaðarverð		(3.169.260)	(2.448.286)	(11.561.970)	(9.938.555)
Framlegð		2.499.365	2.583.389	10.079.519	9.864.565
Aðrar rekstrartekjur	3	87.695	131.661	399.943	615.930
Rekstrarkostnaður		(1.786.938)	(2.292.258)	(6.873.229)	(7.041.797)
Rekstrarhagnaður		800.122	422.792	3.606.233	3.438.698
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	(338.978)	386.261	692.214	510.648
Áhrif hlutdeildarféлага		(19.915)	7.504	(30.736)	(89.524)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		441.229	816.557	4.267.711	3.859.822
Tekjuskattur	8	320.380	(183.312)	(235.622)	(768.755)
Hagnaður ársins		<u>761.609</u>	<u>633.245</u>	<u>4.032.089</u>	<u>3.091.067</u>
Hagnaður ársins skiptist þannig:					
Hluthafar móðurfélags		757.252	625.748	4.019.749	3.079.361
Minnihluti		4.357	7.497	12.340	11.706
		<u>761.609</u>	<u>633.245</u>	<u>4.032.089</u>	<u>3.091.067</u>
Hagnaðarhluti:					
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár	9	0,02	0,09	0,21	0,44

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2004
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	18.770.834	17.890.975
Óefnislegar eignir.....	12	58.533.100	970.178
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	306.543	370.411
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	406.501	1.529.953
Verðbréf.....		0	21.749
Fastafjármunir		78.016.978	20.783.266
Veltufjármunir			
Birgðir		765.117	589.664
Viðskiptakröfur		3.887.794	3.905.326
Aðrar skammtímakröfur		120.645	1.087.787
Handbært fé		464.870	2.825.588
Veltufjármunir		5.238.426	8.408.365
Eignir		83.255.404	29.191.631
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé.....		30.921.636	7.036.445
Lögbundinn varasjóður.....		403.209	2.345.482
Þýðingarmunur		(14.280)	(25.163)
Óinnleystur gengismunur		0	512.561
Óráðstafað eigið fé		1.470.712	7.599.386
Eigið fé hluthafa móðurfélags		32.781.277	17.468.711
Hlutdeild minnihluta		19.775	31.832
Eigið fé samtals		32.801.052	17.500.543
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	17	44.082.463	4.361.044
Tekjuskattsskuldbinding	16	519.417	394.430
Langtímaskuldir		44.601.880	4.755.474
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	940.139
Viðskiptaskuldir.....		2.237.988	1.585.892
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	2.038.518	2.424.702
Aðrar skammtímaskuldir.....		1.575.966	1.984.881
Skammtímaskuldir		5.852.472	6.935.614
Skuldir samtals		50.454.352	11.691.088
Eigið fé og skuldir		83.255.404	29.191.631
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	19,20		

Sjóðstreymi ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		3.606.233	3.438.698
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		3.847.409	4.084.520
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(801.267)	(384.730)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		1.525.724	(262.062)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		8.178.099	6.876.426
Innborgaðir vextir.....		577.797	409.041
Greiddir skattar.....	(429.244)	(355.853)
Greiddir vextir	(1.477.306)	(410.079)
Handbært fé frá rekstri		6.849.346	6.519.535
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10 (4.317.848)	(2.769.878)
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	12 (482.744)	(338.191)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		46.525	332.575
Skuldabréfaeign, breyting		38.192	615.297
Eignarhlutir í öðrum félögum, breyting	15	1.309.374	(512.128)
Fjárfestingarhreyfingar		(3.406.501)	(2.672.325)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður.....	(5.701.894)	(1.899.841)
Tekin ný langtímalán.....		11.441.118	0
Afborganir langtímalána.....	(10.526.863)	(2.746.022)
Skammtímalán, breyting	(940.139)	1.347.722
Keypt hlutabréf af minnihluta.....		(75.785)	(6.813)
Fjármögnunarhreyfingar		(5.803.563)	(3.304.954)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(2.360.718)	542.256
Handbært fé í upphafi árs		2.825.588	2.283.332
Handbært fé í lok árs.....		464.870	2.825.588

Yfirlit um breytingar á eigin fé 2005

	Skýr.	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Óinnleystur gengismunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minnihluti	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2004		7.036.445	2.345.482			6.676.151	16.058.078	103.258	16.161.336
Áhrif nýrra staðla	21					(38.776)	(38.776)	(25.191)	(63.967)
Eigið fé 1.1.2004, leiðrétt		7.036.445	2.345.482	0	0	6.637.375	16.019.302	78.067	16.097.369
Greiddur arður						(2.110.934)	(2.110.934)		(2.110.934)
Breyting á hlutdeild minnihluta								(47.047)	(47.047)
Hagnaður ársins						3.069.942	3.069.942	812	3.070.754
Þýðingarmismunur hlutdeildarfélagss				(25.163)			(25.163)		(25.163)
Eigið fé 31.12.2004		7.036.445	2.345.482	(25.163)	0	7.596.383	16.953.147	31.832	16.984.979
Eigið fé 31.12.2004		7.036.445	2.345.482	(25.163)	0	7.596.383	16.953.147	31.832	16.984.979
Áhrif nýrra staðla	21				512.561	3.003	515.564		515.564
Eigið fé 31.12.2004, leiðrétt		7.036.445	2.345.482	(25.163)	512.561	7.599.386	17.468.711	31.832	17.500.543
Arður ársins						(6.332.803)	(6.332.803)		(6.332.803)
Hagnaður ársins						4.019.749	4.019.749	12.340	4.032.089
Seld hlutabréf minnihluta							0	(24.397)	(24.397)
Þýðingarmunur hlutdeildarfélagss				(33.134)			(33.134)		(33.134)
Innleystur gengishagnaður	15				(512.561)		(512.561)		(512.561)
Samrunafærslur		23.893.357	(2.345.482)	44.017		(3.412.411)	18.179.481		18.179.481
Keypt eigin bréf		(8.166)					(8.166)		(8.166)
Framlag í varasjóð			403.209			(403.209)	0		0
Eigið fé 31.12. 2005		30.921.636	403.209	(14.280)	0	1.470.712	32.781.277	19.775	32.801.052

Skýringar

Helstu reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Símans hf. vegna ársins 2005 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem eru: Anza hf., Tæknivörur ehf., Skíma ehf. og Upplýsingaveitur ehf. Eignarhlutur móðurfélagsins í Stefju hf. var 60,8% í lok tímabilsins. Gert er ráð fyrir að hlutur þess muni minnka á næstu misserum og er félagið því ekki innifalið í samstæðureikningi. Hins vegar er beitt hlutdeildaraðferð við að gera grein fyrir áhrifum Stefju hf. á afkomu og efnahag samstæðunnar. Á árinu var tekin ákvörðun um að sameina Íslenskt sjónvarp ehf., Fjárfestingafélagið Bröttubru ehf. og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. frá 1. janúar 2005 undir nafni Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Félagin voru innifalin í samstæðureikningi félagsins í árslok 2004 og hefur sameining þeirra ekki áhrif á samstæðureikninginn. Síðar á árinu var svo tekin ákvörðun um að sameina Íslenska sjónvarpsfélagið hf., Skipti ehf og Landssíma Íslands hf. frá og með 30. júní 2005 undir nafni Símans hf.

(a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Yfirfærslan er gerð í samræmi við ákvæði IFRS 1 sem fjallar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Upplýsingar um áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla á fjárhagsstöðu og rekstrarárangur samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu er að finna í skýringu 21. Þar eru einnig veittar upplýsingar um áhrif breytinga á samanburðarfrjárhæðum í efnahagsreikningi, þar með talið eigið fé, og rekstrarreikningi þegar þeim hefur verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

(b) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjármálasamningar eru færðir á markaðsvirði.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur leggi mat á og dragi ályktanir vegna atriða sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Raunverulegar niðurstöður kunna síðar að vera frábrugðnar slíku mati. Framangreint mat og forsendur þess er endurskoðað reglulega. Breyting á mati er færð á því ári sem það er endurskoðað hafi matið einungis áhrif á það ár og síðari ár.

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hafði þau áhrif að hann er ekki gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og síðasti ársreikningur félagsins sem gerður var eftir íslenskum reikningsskilaaðferðum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem gerð er grein fyrir hér á eftir hefur verið beitt á samræmdan hátt fyrir það tímabil sem ársreikningurinn nær til. Þeim hefur einnig verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2004 að því er varðar yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt á samræmdan hátt af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

Skýringar

(c) *Grundvöllur samstæðu*

i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélaga í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þeirra. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningskil dótturfélaga eru innifalin í reikningskilum félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félag hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í rekstrarárangri hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er fjárfestingin gjaldfærð að fullu og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir eða fjármagnað viðkomandi hlutdeildarfélag.

iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisryrnunar eignarinnar.

(d) *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(e) *Afleiðusamningar*

Félagið notar afleiðusamninga til að takmarka vaxta- og gengisáhættu sína. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á kostnaðarverði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á markaðsvirði og er breytingin færð í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

Markaðsvirði framvirkra samninga á uppgjörstigi er núvirði þeirra.

(f) *Áhættuvarnarreikningsskil*

Þegar afleiðusamningur er notaður til að verjast gengisáhættu peningalegra eigna eða skulda er áhættuvarnarreikningsskilum ekki beitt. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

(g) *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar eða endurbóta á varanlegum rekstrarfjármunum er færður til hækkunar á bókfærðu verði viðkomandi eigna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að viðkomandi eignir muni skila félaginu tekjum til framtíðar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma og hrakvirði einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptabúnaður	4 – 17 ár
Fasteignir	15 - 33 ár
Tæki og tölvubúnaður	3 – 10 ár
Bifreiðar	5 – 10 ár

Áætlað hrakvirði eigna er endurmetið árlega svo fremi að það sé ekki óverulegt.

(h) Óefnislegar eignir

i) Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðismats á reikningsskiladegi. Til að hægt sé að meta virðismat er viðskiptavild skipt niður á sjóðsskapandi einingar. Sjóðsskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðismats árlega eða oftár ef visbending um virðisrýrnun er til staðar. Ef virðisrýrnun hefur átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður en síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðsskapandi einingu. Virðisrýrnun á viðskiptavild er ekki færð tilbaka á síðari tímabilum.

ii) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma sem greinist þannig:

Hugbúnaður	3-7 ár
Samningsbundin réttindi	3 ár
Annað	3 ár

(i) Fjárfestingar

Fjárfestingar í öðrum félögum eru flokkaðar sem verðbréf og eru þær metnar á markaðsvirði þar sem það liggur fyrir og eru matsbreytingar færðar á eigið fé. Við sölu eignarhlutanna er uppsafnaður hagnaður eða tap, sem áður var fært á eigið fé, fært í rekstrarreikning. Í þeim tilvikum sem markaðsverð liggur ekki fyrir eru fjárfestingarnar færðar til eignar á kostnaðarverði.

Skuldabréfaeign er færð til eignar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vextir af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

(j) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með öðrum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

(k) **Birgðir**

Birgðir í efnahagsreikningi greinast í vörur til endursölu, rekstrarvörur og dagskrárefni til sýninga í sjónvarpi. Birgðir af endursöluvörum eru færðar til eignar á kostnaðarverði eða skilaverði ef það er lægra. Áætlað skilaverð er metið sem söluverð að frádregnum sölukostnaði. Rekstrarvörur eru færðar til eignar á síðasta innkaupsverði. Dagskrárefni til sýninga í sjónvarpi er fært til eignar á kostnaðarverði.

(l) **Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af sjóði, bankainnstæðum og markaðsverðbréfum. Til markaðsverðbréfa teljast skammtímaverðbréf, skráð eða óskráð, sem eru auðseljanleg eða innleysanleg innan þriggja mánaða. Markaðsverðbréfin eru metin á markaðsvirði.

(m) **Virðismat**

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða, er yfirfarið við gerð reikningsskila til að meta hvort vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar og er hún færð í rekstrarreikning.

i) **Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð**

Endurheimtanleg fjárhæð verðbréfaeignar og annarra krafna er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtimakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

ii) **Bakfærsla virðisrýrnunar**

Virðisrýrnun vegna viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Áður færð virðisrýrnun vegna annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

(n) **Vaxtaberandi skuldir**

Vaxtaberandi skuldir eru við lántöku færðar á markaðsvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði. Á endurgreiðslutíma þeirra eru þær síðan færðar til skuldar miðað við virka vexti og er lántökukostnaði dreift á lánstímann.

(o) **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning ef á samstæðunni hvílir lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburða og líklegt er talið að hún verði fyrir kostnaði við uppgjör á viðkomandi skuldbindingu.

(p) **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar til skuldar á kostnaðarverði.

Skýringar

(q) **Tekjur**

Tekjur af fjarskiptaþjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er veitt. Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda. Auglýsingatekjur í sjónvarpi eru færðar í rekstrarreikning þegar auglýsingar eru birtar. Tekjufærsla þeirra er gerð við fyrstu sýningu þrátt fyrir að sama auglýsing geti verið birt oftar en einu sinni vegna endursýninga á sjónvarpsþáttum. Sama regla gildir um kostun einstakra sjónvarpsþátta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða hvort vöru verði skilað.

(r) **Útgjöld**

i) *Kostnaðarverð seldrar þjónustu og rekstrarkostnaður*

Liðurinn kostnaðarverð í rekstrarreikningi samanstendur af kostnaði við rekstur fjarskiptakerfa, beinum útsendingarkostnaði sjónvarps og kostnaðarverði seldra vara, þar með töldum launakostnaði og afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna sem tengjast framangreindum liðum.

Rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af sölukostnaði, þjónustu við viðskiptavinum, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, niðurfærslu skammtimakrafna og ýmsum öðrum kostnaði.

ii) *Rekstrarleigugreiðslur*

Greiðslur á grundvelli rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning yfir leigutímabil þeirra.

iii) *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstanda af vaxtagjöldum af lánum sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af fjárfestingum, móttæknum arði, gengishagnaði og gengistapi og tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni. Móttækinn arður er færður í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er tilkynnt.

(s) **Tekjuskattur**

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Reiknuð skattskuldbinding er færð samkvæmt efnahagsskuldbindingaraðferð. Í því felst að reiknuð skattskuldbinding er miðuð við mismun á bókfærðu verði eigna og skulda í reikningsskilum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum og ekki af mismuni sem tengist fjárfestingum í dótturfélagum að því marki sem tímbundinn mismunur muni líklega ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Tekjuskattsinneign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni.

Skýringar

(t) Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem annað hvort selur sambærilegar vörur eða veitir þjónustu sem ber áhættu og ávinning sem er frábrugðinn því sem fylgir öðrum starfspáttum. Verðlagning viðskipta milli starfspátta er ákveðin af félaginu á grundvelli viðskiptaverðs milli óskyldra aðila.

Starfspáttayfirlit

1. Rekstur samstæðunnar greinist þannig eftir starfspáttum á árinu:

	Fjarskipta- þjónusta	Annar rekstur	Jöfnunar- færslur	Samtals
Sala	20.296.281	1.819.832	(474.624)	21.641.489
Kostnaðarverð	(10.588.956)	(1.042.977)	69.963	(11.561.970)
Framlegð	9.707.325	776.855	(404.661)	10.079.519
Aðrar tekjur	399.943	0	0	399.943
Rekstrarkostnaður	(6.145.000)	(1.132.890)	404.661	(6.873.229)
Rekstrarárangur fyrir fjármagnsliði og skatta	3.962.268	(356.035)	0	3.606.233
Þar af afskriftir	3.532.109	315.300	0	3.847.409
Rekstrarhagnaður (EBIDTA)	7.494.375	(40.734)	0	7.453.641
Óskiptar eignir				83.255.404
Eignir samtals				83.255.404

Ársfjórðungsyfirlit

2. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	4. árs- fjórðungur 2005	3. árs- fjórðungur 2005	2. árs- fjórðungur 2005	1. árs- fjórðungur 2005	4. árs- fjórðungur 2004
Sala	5.668.625	5.909.082	5.116.742	4.947.040	5.031.675
Kostnaðarverð	(3.169.260)	(3.129.008)	(2.520.268)	(2.743.434)	(2.448.286)
Framlegð	2.499.365	2.780.074	2.596.474	2.203.606	2.583.389
Aðrar tekjur	87.695	90.657	110.032	111.559	131.661
Annar rekstrarkostnaður	(1.786.938)	(1.699.886)	(1.740.403)	(1.646.002)	(2.292.258)
Rekstrarhagnaður	800.122	1.170.845	966.103	669.163	422.792
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(338.978)	168.702	9.551	852.939	386.261
Áhrif hlutdeildarféлага	(19.915)	4.754	(6.549)	(9.026)	7.504
Hagnaður fyrir skatta	441.229	1.344.301	969.105	1.513.076	816.557
Tekjuskattur	320.380	(225.765)	(40.228)	(290.009)	(183.312)
Hagnaður tímabilsins	761.609	1.118.536	928.877	1.223.067	633.245
Hagnaður tímabilsins skiptist þannig:					
Hluthafar móðurfélags	757.252	1.116.670	924.203	1.221.624	625.748
Minnihluti	4.357	1.866	4.674	1.443	7.497
	761.609	1.118.536	928.877	1.223.067	633.245

Skýringar

Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur rekstrareininga samstæðunnar voru sem hér greinir:	2005	2004
Talsímasvið	6.054.070	6.507.726
Farsímasvið	8.127.795	7.181.753
Gagnasvið	2.862.288	2.756.405
Fjarskiptanet	1.311.266	1.506.511
Aðrar rekstrareiningar	3.686.013	2.466.655
Rekstrartekjur samtals	<u>22.041.432</u>	<u>20.419.050</u>

Starfsmannamál

4. Starfsmannafjöldi samstæðunnar var sem hér greinir:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í ársverk	1.273	1.199
Fjöldi starfsmanna í árslok	1.370	1.292

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	5.202.333	4.555.818
Launatengd gjöld	828.523	675.529
	<u>6.030.856</u>	<u>5.231.347</u>

6. Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda samstæðunnar voru 179 m.kr. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi við starfsmenn félagsins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	523.455	520.210
Arður og söluhagnaður af eignarhlutum	878.886	288.294
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.470.873)	(626.477)
Gengismunur	760.746	328.621
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	<u>692.214</u>	<u>510.648</u>

Tekjuskattur

8. Virkur tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2005	
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		<u>4.267.711</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlufalli.....	18,0%	768.188
Áhrif hlutdeildarféлага.....	0,1%	5.533
Áhrif nýtttra yfirfæranlegra skattalegra tapa.....	-0,4%	(16.958)
Tekjur undanþegnar skattskyldu.....	-3,2%	(135.000)
Fenginn arður.....	-0,2%	(7.028)
Aðrar breytingar.....	-8,9%	(379.113)
Virkur tekjuskattur.....	<u>5,5%</u>	<u>235.622</u>

Hagnaður á hlut

9. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár.

Grunnhagnaður á hlut:	2005	2004
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu.....	4.019.749	3.079.361
Vegið meðaltal útistandandi hluta.....	18.982.840	7.036.445
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár.....	0,21	0,44

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 31.12.2004	33.245.566	4.495.656	5.837.777	43.578.999
Afskrifað áður	(19.904.502)	(773.644)	(4.304.290)	(24.982.436)
Bókfært verð 31.12.2004	13.341.064	3.722.012	1.533.487	18.596.563
Áhrif af upptöku nýrra staðla	(4.076)	9.755	(711.268)	(705.589)
Bókfært verð 1.1.2005	13.336.988	3.731.767	822.219	17.890.974
Viðbót á árinu	3.698.059	209.265	410.524	4.317.848
Selt og niðurlagt á árinu	0	(22.078)	(7.938)	(30.016)
Afskrifað á árinu	(2.952.113)	(129.394)	(326.465)	(3.407.972)
Bókfært verð 31.12.2005	14.082.934	3.789.560	898.340	18.770.834

Fasteignamat húseigna og lóða félagsins nemur 3.108 m.kr. í árslok og brunabótamat 4.317 m.kr. Í gildi er samningur um tryggingar á fjarskiptakerfum, áhöldum, búnaði og tækjum félagsins og nemur fjárhæð hans 11.838 kr.

11. Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:

	2005	2004
Kostnaðarverð	(3.103.117)	(2.954.131)
Rekstrarkostnaður	(304.855)	(763.893)
Samtals	(3.407.972)	(3.718.024)

Óefnislegar eignir

12. Breytingar á óefnislegum eignum á árinu greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samnings- bundin réttindi	Annað	Samtals
Bókfært verð 31.12.2004	143.541	0	132.870	9.302	285.713
Áhrif af upptöku nýrra staðla	(74.460)	759.041	0	(116)	684.465
Bókfært verð 1.1.2005	69.081	759.041	132.870	9.186	970.178
Áhrif sameiningar	57.604.967				57.604.967
Viðbót á árinu	245.254	237.490	0	0	482.744
Selt á árinu		(246)			(246)
Flutt á veltufjármuni			(85.106)		(85.106)
Gjaldfært á árinu	(121.823)	(310.340)	0	(7.274)	(439.437)
Bókfært verð 31.12.2005	57.797.479	685.945	47.764	1.912	58.533.100

Á árinu sameinuðust félögin Skipti ehf. og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. Símanum hf. Við þá sameiningu urðu til í efnahag samstæðu óefnislegar eignir og verður fyrir lok júní 2006 lokið við að meta þær og er það í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS 3)

Dótturfélög

13. Fjögur dótturfélög eru innifalin í samstæðureikningi. Anza hf. átti að auki eitt dótturfélag sem einnig er innifalið í samstæðureikningnum. Fyrrverandi dótturfélag Íslenska sjónvarpsfélagið hf. var sameinað Símanum frá 30. júní. Stofnað var nýtt félag um rekstur upplýsingaveitna og símaskrár, Upplýsingaveitur ehf. Dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningi eru þessi:

	Eignarhluti
Anza hf.	88,0%
Rafrænt markaðstorg hf.	65,0%
Upplýsingaveitur ehf.	100,0%
Skima hf.	100,0%
Tæknivörur ehf.	100,0%

Skýringar

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

14. Á árinu var hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga neikvæð um 31 m.kr. Hlutdeild samstæðunnar í eigin fé hlutdeildarfélaga nam 307 m.kr. í lok árs.

	Eignarhlutur í %	Nafnverð hlutafjár	Bókfært verð
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	37,1%	395.477	271.493
Farsímagreiðslur ehf.	40,5%	25.970	18.843
Hið íslenska númeraflutningsfélag ehf.	50,0%	4.000	2.621
Stefja ehf.	60,8%	13.418	13.586
Samtals			<u>306.543</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum

15. Í lok árs átti samstæðan hluti í þrem erlendum og níu innlendum félögum þar sem eignarhlutir voru lægri en 20%. Eignarhlutur í Carrera Ltd. nam 348 m.kr. Á árinu var allur eignarhlutur samstæðunnar í Straumi fjárfestingabanka hf. seldur og nam söluhagnaður af þeirri sölu 702 m.kr. Félagið seldi einnig allan eignarhlut sinn í Eutelsat og nam söluhagnaðurinn 106 m.kr. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádræginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Langtímaskuldir

16. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 519 m.kr. í lok árs og greinist hún þannig:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	290.654
Ahrif af upptöku nýrra staðla	<u>105.699</u>
Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding	396.353
Innleystur gengishagnaður	(112.560)
Reiknaður tekjuskattur af hagnaði ársins	235.622
Reiknaður tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	<u>2</u>
Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í lok árs	<u>519.417</u>
Skipting tekjuskattsskuldbindingar á einstaka liði efnahagsreiknings:	
Varanlegir rekstrarfjármunir	751.842
Viðskiptakröfur	(34.786)
Aðrir liðir	(<u>197.639</u>)
	<u>519.417</u>

Skýringar

17. Skuldabréfalán greinast þannig á gjaldmiðla í lok árs:

Lán í USD	6.405.051
Lán í EUR	6.360.048
Lán í GBP	3.147.787
Lán í JPY	6.365.700
Lán í CHF	9.530.679
	<u>31.809.265</u>
Skuldir í íslenskum krónum	14.311.716
	<u>46.120.981</u>
Afborganir á næsta ári	(2.038.518)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi	<u>44.082.463</u>

18. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2006.....	2.038.518
Afborganir 2007.....	2.375.066
Afborganir 2008.....	2.341.301
Afborganir 2009.....	2.341.301
Afborganir 2010.....	2.341.301
Síðar	34.683.494
	<u>46.120.981</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

19. Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð til tryggingar skuldum að fjárhæð kr. 31.809 m.kr. í árslok 2005.

20. Samstæðan hefur gengist í ábyrgðir fyrir Farice hf. í erlendum gjaldmiðlum sem nema allt að 830 m.kr. á gengi í lok árs. Félagið hefur gert valréttarsamning við þriðja aðila og er verðmæti hans 215 m.kr. í lok árs. Samstæðan hefur gert samning um leigu á sæstreng til ársins 2012 og nemur árleg meðalleigugreiðsla 81 m.kr. Félag í samstæðunni hafa jafnframt gert húsaleigusamninga til ársins 2018 og nema skuldbindingar vegna þeirra allt að 71 m.kr. á ári.

Alþjóðleg reikningsskil

21. Eins og fram kom í skýringu um reikningsskilaaðferðir er þetta fyrsta árið sem samstæðan birtir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Reikningsskil vegna ársins 2005 eru gerð samkvæmt þeim reikningsskilaaðferðum sem nánar er greint frá í skýringu um reikningsskilaaðferðir. Það á einnig við um samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2004 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2004, en breytingar taka gildi miðað við þann dag, sem nefndur er yfirlitumdagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2004 hefur verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en þær voru áður settar fram samkvæmt lögum um ársreikninga og íslenskum reikningsskilaaðferðum. Í eftirfarandi yfirlitum og skýringum eru veittar upplýsingar um áhrif breytinganna frá íslenskum reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla á fjárhagsstöðu samstæðunnar, rekstrarárangur hennar og sjóðstreymi. Engar verulegar breytingar eru á yfirliti um sjóðstreymi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum frá því sem áður var samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum.

Eigið fé 1. janúar 2005:

Eigið fé samkvæmt fyrri reikningsskilareglum 31. desember 2004	17.048.946
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilareglum 1. janúar 2005	<u>17.500.543</u>
Hækkun frá fyrri reikningsskilareglum	<u>451.597</u>

Skýringar

21. frh.:

		1.1.2004	1.1.2005	Samtals
Breytingar á mati:				
Gjaldfærsla ófnislegra eigna	IAS 38	(74.460)	(116)	(74.576)
Matsbreyting varanlegra rekstrarfjármuna	IAS 16		53.451	53.451
Fjármögnunarleigusamningar skuldfærðir	IAS 17		(48.576)	(48.576)
Fjármálagerningar færðir á markaðsvirði	IAS 39		625.074	625.074
Tekjuskattsskuldbinding af matsbreytingum	IAS 12	10.493	(114.269)	(103.776)
Breytingar samtals		<u>(63.967)</u>	<u>515.564</u>	<u>451.597</u>

Breytingar á eigin fé eru sýndar eftir frádrátt tekjuskatts.

Breytingar á framsetningu:

Ófnislegar eignir fluttar af varanlegum rekstrarfjármunum	IAS 16, 38	759.041
Breytt framsetning á eignarhluta minnihluta í eigin fé	IAS 1	25.191

Breytingar á mati

Kostnaður við undirbúning og upphaf á nýrri tegund að þjónustu hjá Rafrænu markaðstorgi ehf. var færður meðal ófnislegra eigna. Eignfærsla þessa kostnaðar stenst ekki skilyrði IAS 38 um eignfærslu ófnislegra eigna. Breyting þessi hefur þau áhrif að ófnislegar eignir lækka um 74,5 m.kr. Samanburðarfjárhæðum í árshlutareikningnum hefur verið breytt til samræmis.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna var yfirfarið við innleiðinguna. Vegna breytinga á áætluðu hrakvirði hækkar eigið fé samstæðunnar. Til viðbótar voru fjármögnunarleigusamningar sem ekki voru færðir í efnahagsreikning færðir til eignar og skuldar. Samtals hækkar eigið fé samstæðunnar um 53 m.kr. eftir framangreindar breytingar.

Í samræmi við ákvæði í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 17 sem fjallar um leigusamninga voru fjármögnunarleigusamningar sem ekki voru færðir í efnahagsreikning færðir til eignar og skuldar. Áhrif þessarar breytingar námu 49 m.kr.

Samkvæmt ákvæðum í reikningsskilastaðli IAS 39 um fjármálagerninga voru verðbréf, sem hafa skráð markaðsverð, færð á markaðsverði í ársbyrjun með mótfærslu á sérstakan eiginfjárreikning, óinnleystan gengismun. Matshækkunin nam 625 m.kr.

Tekjuskattsskrif af framangreindum breytingum voru metin og færð til skuldar sem tekjuskattsskuldbinding í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 12.

Breytingar á framsetningu

Við innleiðingu staðlanna eru eignir sem falla undir skilgreiningu á ófnislegum eignum í samræmi við staðal IAS 38 og flokkaðar hafa verið meðal varanlegra rekstrarfjármuna fluttar á ófnislegar eignir. Bókfært verð þessara eigna nam 759 m.kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða hugbúnað.

Hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé dótturfélaga innan samstæðunnar er nú sýnd sem sérstakur liður meðal eigin fjár. Sá liður var áður innifalinn í skuldbindingum í efnahagsreikningi.

Skýringar

21. frh.:

Efnahagsreikningur 1. janúar 2005

	Ársreikningur 31.12.2004	Breytingar	Alþjóðlegar reikningsskila- reglur
Eignir			
Óefnislegar eignir	285.713	684.465	970.178
Varanlegir rekstrarfjármunir	18.596.565	(705.590)	17.890.975
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	370.411	0	370.411
Verðbréf.....	926.628	625.074	1.551.702
Fastafjármunir	<u>20.179.317</u>	<u>603.949</u>	<u>20.783.266</u>
Birgðir	589.664	0	589.664
Skammtímakröfur	4.993.113	0	4.993.113
Handbært fé	2.825.588	0	2.825.588
Veltufjármunir	<u>8.408.365</u>	<u>0</u>	<u>8.408.365</u>
Eignir samtals	<u>28.587.682</u>	<u>603.949</u>	<u>29.191.631</u>
 Eigið fé og skuldir			
Hlutfé	7.036.445	0	7.036.445
Lögbundinn varasjóður	2.345.482	0	2.345.482
Óinnleystur þýðingarmunur	(25.163)		(25.163)
Óinnleystur gengismunur	0	512.561	512.561
Óráðstafað eigið fé	7.635.159	(35.773)	7.599.386
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	<u>16.991.923</u>	<u>476.788</u>	<u>17.468.711</u>
Hlutdeild minnihluta	57.023	(25.191)	31.832
Eigið fé samtals	<u>17.048.946</u>	<u>451.597</u>	<u>17.500.543</u>
Tekjuskattsskuldbinding	290.654	103.776	394.430
Skuldabréfalán	4.311.023	50.021	4.361.044
Langtímaskuldir	<u>4.601.677</u>	<u>153.797</u>	<u>4.755.474</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	2.424.702	0	2.424.702
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	4.512.357	(1.445)	4.510.912
Skammtímaskuldir	<u>6.937.059</u>	<u>(1.445)</u>	<u>6.935.614</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>28.587.682</u>	<u>603.949</u>	<u>29.191.631</u>

Breytingar á efnahagsreikningi eru sýndar án áhrifa tekjuskatts, en breytingar á eigin fé eru sýndar að frádregnum tekjuskatti.

Efnahagsreikningur samstæðunnar er nú sýndur á einni síðu og eru efnahagsliðir meira samandregnir en áður. Það er mat stjórnenda að reikningurinn verði læsilegri og skýrari með þessari framsetningu.

Í árs hlutareikningi samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum er lögð áhersla á að greina frá beitingu helstu reikningskilaaðferða, jafnframt því sem greint er frá áhrifum af innleiðingu nýrra reglna á fjárhagsstöðu samstæðunnar.

Skýringar

21. frh.:

